

D ó m s o r ð :

Stefndi, Reykjavíkurhöfn, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, A/B Skånska Cementgjuteriet, í máli þessu.

Stefnandi, A/B Skånska Cementgjuteriet, greiði Reykjavíkurhöfn kr. 500.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 20. ágúst 1977.

Nr. 130/1977. **Valdstjórnin**

gegn

A.

Kærumál. Lögræðissviptingarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur hinn 11. ágúst 1977 kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn 10. s. m. Eru kröfur ríkissaksóknara þær, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og sakadómi Reykjavíkur dæmt skylt að heyja dómsrannsókn á hendur A, Reykjavík, um framkomna kröfu móður hans um, að hann verði sviptur sjálf-ræði vegna drykkjusýki.

Ríkissaksóknari hefur ritað greinargerð, dags. 15. þ. m., í máli þessu, en frá varnaraðilja hefur eigi borist greinargerð. Hæstarétti hafa borist athugasemdir frá héraðsdómarnum, dags. 12. þ. m., sbr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Kæra máls þessa er heimil samkvæmt 3. tölulið 171. gr. laga nr. 74/1974.

Lög nr. 107/1976 víkja eigi sérstaklega að breytingum á lögræðissviptingarmálum. Þau mæla almennt svo fyrir, að frumrannsókn opinberra mála sé í höndum lögreglu (rannsóknarlögreglu), en í 3. mgr. 5. gr. þeirra, sem breytir 32. gr.

laga nr. 74/1974, er gert ráð fyrir, að rannsókn kunnri að vera í höndum dómara, ef lög eða venjur standi til þess. Lögræðis- sviptingarmál hafa um margt sérstöðu meðal mála, sem sæta meðferð opinberra mála. Fram til gildistöku laga nr. 107/1976 hefur sakadómari rannsakað mál þessi í Reykjavík, en eigi rannsóknarlögregla. Er eigi sýnilegt, að ætlunin hafi verið að breyta þeirri málsmeðferð með greindum lögum. Af þessum ástæðum ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir sakadóm Reykjavíkur að heyja dómsrannsókn um framkomna sjálfræðissviptingarkröfu móður varnar- aðilja.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og ber saka- dómi Reykjavíkur að taka framangreinda kröfu til dómsrannsóknar.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 10. ágúst 1977.

Ár 1977, miðvikudaginn 10. ágúst, er úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgar- túni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómar.

Ríkissaksóknari hefur með bréfi, dagsettu 20. júlí sl., krafist þess, að sakadómur Reykjavíkur taki til frumrannsóknar mál vegna beiðni um sjálfræðissviptingu A,, Reykjavík. Beiðni þessi hafði borist sakadómi með bréfi móður fyrrnefnds A, dag- settu 6. júlí sl. Með bréfi, dagsettu 8. júlí sl., framsendi dómurinn málið til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, þar sem hann taldi frumrannsókn ekki eiga að fara fram fyrir dómi eftir gildistöku laga nr. 107/1976 hinn 1. júlí sl. Rannsóknarlögreglustjóri ríkis- ins endursendi dóminum málið með bréfi, dagsettu 12. júlí sl., með tilvísun til bréfs ríkissaksóknara til hans, dags. 11. júlí. Dóm- urinn sendi nú ríkissaksóknara málið með bréfi, dagsettu 13. júlí sl., en krafa um rannsókn fyrir dómi barst, svo sem fyrr segir, með bréfi hans, dagsettu 20. júlí sl. Segir svo í bréfi ríkissak- sóknara:

„Með vísan til 10. gr. lögræðis laga nr. 95/1947, sbr. 4. tölulið 2. gr. laga nr. 74/1974, er þess hér með krafist, að þér takið mál þetta þegar í stað til rannsóknar með venjulegum hætti, þar sem

lögð verði megináhersla á að rannsaka réttmæti þeirra ástæðna, sem sjálfræðissviptingarbeiðnin er byggð á.“

Með þessu bréfi ríkissaksóknara fylgdi ljósrit af fyrirnefndu bréfi hans til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, dagsettu 11. júlí sl. Í bréfi þessu lætur ríkissaksóknari uppi það álit, að frumrannsókn lögræðissviptingarmála skuli fara fram beint fyrir dómara, svo sem verið hefur, og vitnar þar til réttarfarsákvæða laga nr. 95/1947 um lögræði. Í áðurnefndu bréfi sínu til dómsins, dagsettu 20. f. m., er vitnað til þessa bréfs til rannsóknarlögreglustjóra, en krafan um rannsókn ekki rökstudd að öðru leyti.

Afstaða dómsins til þessarar kröfu ríkissaksóknara er þessi:

Í lögum um lögræði nr. 95/1947 voru ákvæði um sérstakt réttarfar í málum til sviptingar lögræðis. Þessi ákvæði voru í raun afnumin með lögum um meðferð opinberra mála nr. 27/1951, en þar var ákveðið, að mál þessi skyldu sæta rannsókn og meðferð samkvæmt þeim lögum, og hefur slíkt ákvæði síðan staðið í lögum um meðferð opinberra mála. Þessi mál hafa síðan sætt meðferð samkvæmt þeim lögum, en ekki skv. ákvæðum laga nr. 95/1947. Var m. a. fjallað um þessi mál í sakadómi Reykjavíkur, en ekki af borgardómara, svo sem boðið var í 8. gr. laga nr. 95/1947.

Breytingar þær, sem felast í lögum nr. 107/1976, er tóku gildi 1. júlí sl., taka því til mála til sviptingar lögræðis eins og annarra mála, sem sæta meðferð samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Þær breytingar eru í meginatriðum þessarar:

a. Dómari á ekki frumkvæði að rannsókn, svo sem áður var.

b. Dómari annast yfirleitt ekki frumrannsókn, heldur er hún falin þar til ætluðum stjórnvöldum, sbr. þó undantekningarákvæði 73. gr. i. f. laga um meðferð opinberra mála, sem tekur raunar aðeins til dómara, sem jafnframt eru lögreglustjórar.

c. Dómsrannsókn getur einungis farið fram skv. ákvæðum 74. gr. laga um meðferð opinberra mála, en þar er gert ráð fyrir, að beiðni um slíka rannsókn komi fram að lokinni frumrannsókn rannsóknarlögreglu, lögreglustjóra eða annarra aðilja.

Krafa ríkissaksóknara um rannsókn fyrir dómi í máli þessu fullnægir því ekki skilyrðum 74. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 12. gr. laga nr. 107/1976, og þess vegna er henni synjað.

Úrskurðarorð:

Kröfu ríkissaksóknara um rannsókn fyrir sakadómi í framangreindu máli er synjað.